Krabbameinsfélag höfuðborgarsvæðisins

Ársreikningur

2025

Krabbameinsfélag höfuðborgarsvæðisins
Skógarhlíð 8
105 Reykjavík
kt. 700169-3329

Krabbameinsfélag höfuðborgarsvæðisins

Ársreikningur

2025

Efnisyfirlit

Áritun óháðs endurskoðanda	1
Skýrsla stjórnar	3
Rekstrarreikningur	4
Efnahagsreikningur	5
Skýringar	6
Rekstraryfirlit deilda	12
Sundurliðanir deilda	13

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Krabbameinsfélags höfuðborgarsvæðisins

Álit
Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Krabbameinsfélags höfuðborgarsvæðisins fyrir árið 2025. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2025 og efnahag þess 31. desember 2025, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir áliti
Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við erum óháð Krabbameinsfélagi höfuðborgarsvæðisins í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur sem og aðrar siðareglur sem eru viðeigandi við endurskoðun á Íslandi, og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra reglna.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum
Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Krabbameinsfélags höfuðborgarsvæðisins. Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafi enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins
Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.
Nægjanleg vissa er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við gagnrýnni hugsun við endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.

Áritun óháðs endurskoðanda

- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.

- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.

- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.

- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar við ársreikninginn með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirlit sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Kópavogur, 12. mars 2026.

Deloitte ehf.

Gunnar Þorvarðarson

Gunnar Þorvarðarson
endurskoðandi

Skýrsla stjórnar

Ársreikningur Krabbameinsfélags höfuðborgarsvæðisins fyrir árið 2025 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga.

Starfsemi félagsins er fyrst og fremst fræðslu- og forvarnarstarf um áhættuþætti krabbameins.

Stöðugildi hjá félaginu á árinu var 1,958 m.v. heilsársstörf.

Samkvæmt ársreikningi félagsins var tap ársins 2025 kr. 15.772.718. Hrein eign félagsins í árslok nam kr. 137.330.666.

Stjórn og framkvæmdastjóri Krabbameinsfélags höfuðborgarsvæðisins staðfesta hér með ársreikning félagsins með undirritun sinni.

Reykjavík, 11. mars 2026.

Framkvæmdastjóri

Stjórnarformaður

Gjaldkeri

Meðstjórnendur og varastjórn:

Rekstrarreikningur ársins 2025

Rekstrartekjur	**Skýr.**	**2025**	**2024**
Tekjur af happdrætti	14	75.533.582	70.207.904
Félagsgjöld		2.196.801	2.292.519
Gjafir, áheit, framlög og styrkir	15	1.782.000	2.787.884
Aðrar tekjur		399.500	240.950
		79.911.883	75.529.257
Rekstrargjöld			
Kostnaður við happdrætti	7	52.637.174	49.955.511
Kostnaður fræðslustarfs og styrkir	8	36.819.001	26.890.785
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	9	9.151.223	6.188.444
Fyrningar	4,5	2.025.978	2.025.978
		100.633.376	85.060.718
Hagnaður (tap) fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld		(20.721.493)	(9.531.461)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur og verðbætur		5.440.847	5.439.090
Bankakostnaður		(492.072)	(395.438)
		4.948.775	5.043.652
Tap ársins	6	(15.772.718)	(4.487.809)

Efnahagsreikningur 31. desember 2025

Eignir	Skýr.	31.12.2025	31.12.2024
Fastafjármunir			
Skógarhlíð 8	4	72.632.741	74.583.183
Áhöld	5	94.420	169.956
		72.727.161	74.753.139
Veltufjármunir			
Skuldunautar	11	16.147.556	13.653.956
Andvirði ógreiddra happdrættismiða og styrkja		0	705.000
Handbært fé	10	81.483.779	98.522.321
		97.631.335	112.881.277
Eignir		170.358.496	187.634.416
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	6		
Óráðstafað eigið fé		127.330.666	143.103.384
Varasjóður		10.000.000	10.000.000
Eigið fé		137.330.666	153.103.384
Skammtímaskuldir			
Styrktarsjóður	12	1.308.612	2.308.006
Happdrættissjóður		5.000.000	5.000.000
Ýmsir skuldheimtumenn	13	24.575.857	20.807.927
Ógreidd starfsmannagjöld		2.143.361	6.415.099
Skuldir		33.027.830	34.531.032
Eigið fé og skuldir		170.358.496	187.634.416

Skýringar

1. Almennar upplýsingar

Starfsemi Krabbameinsfélags höfuðborgarsvæðisins er fyrst og fremst fræðslu- og forvarnarstarf um áhættuþætti krabbameins. Lögheimili félagsins er að Skógarhlíð 8 í Reykjavík. Félagið er á almannaheillaskrá.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Hann er í íslenskum krónum og byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum. Stjórnendur félagsins hafa metið rekstrarhæfi þess og telja að félagið hafi grundvöll til áframhaldandi starfsemi. Ársreikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Rekstrarkostnaði félagsins er skipt upp samkvæmt starfsemiskostnaðarflokkun í stað tegund kostnaðar. Stjórnendur telja það gefa skýrari mynd af rekstrinum að sýna laun á meðal þeirra deilda sem þau tilheyra, þar sem reksturinn er deildaskiptur, sbr. skýringar 7, 8 og 9. Í skýringu 3 er hægt að sjá hver heildarlaun og launatengd gjöld voru á árinu án deildaskiptingar.

Matsaðferðir

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði sem tengjast ársreikningnum. Matsaðferðirnar eiga sér stoð í góðri reikningsskilavenju. Raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir geta, við sölu eða aðra ráðstöfun, reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

Rekstrartekjur

Tekjur eru færðar þegar verulegar líkur eru á að fjárhagslegur ávinningur þeirra renni til félagsins og þegar hægt er að meta þær með áreiðanlegum hætti.

Tekjur af happdrætti

Tekjur af sölu happdrættismiða eru færðar miðað við greiðslu á útsendum greiðsluseðlum, innborgunum vegna sölu í lausasölu og fyrirfram samþykktri sölu til annarra aðila.

Félagsgjöld

Félagsgjöld eru tekjufærð á grundvelli innborgaðra félagsgjalda.

Aðrar tekjur

Aðrar tekjur eru færðar á grundvelli samþykktra og innborgaðra gjafa og styrkja til félagsins og innborgaðra tekna af námskeiðahaldi.

Vaxtatekjur eru færðar í rekstrarreikning þegar þær falla til.

Rekstrargjöld

Gjöld sem stofnað er til við öflun tekna á tímabilinu eru færð sem rekstrarkostnaður. Gjöld sem stofnað er til á reikningsárinu en varða síðari reikningsár eru færð til eignar í efnahagsreikningi sem fyrirframgreiddur kostnaður. Gjöld sem varða reikningsárið en koma til greiðslu síðar, eru færð til skuldar sem áfallinn kostnaður í efnahagsreikningi.

Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Endurbætur eru eignfærðar ef líklegt er að þær skili félaginu framtíðarhagnaði og hægt er að meta kostnaðinn á áreiðanlegan hátt. Allur viðhaldskostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikning þegar til hans er stofnað. Afskriftir eru miðaðar við áætlaðan nýtingartíma einstakra varanlegra rekstrarfjármuna og reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af stofnverði, að frádregnu áætluðu hrakvirði, miðað við eignarhaldstíma á árinu. Hrakvirði, nýtingartími og afskriftaraðferðir eru endurskoðaðar við lok hvers reikningsárs.

Skýringar

Skuldunautar

Útistandandi kröfur eru færðar samkvæmt upphaflegu viðskiptaverði að frádreginni niðurfærslu sem gerð er til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Ekki er talin ástæða til að niðurfæra kröfur í árslok.

Handbært fé

Til handbærs fjár í efnahagsreikningi telst sjóður og bankainnstæður.

Skammtímaskuldir

Skammtímaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til áfallins kostnaðar.

3. Laun og launatengd gjöld

	2025	2024
Laun	29.210.345	19.461.719
Launatengd gjöld	2.720.362	2.002.963
	31.930.707	21.464.682
Fært á happdrætti sbr. skýring 7	(7.982.676)	(5.202.130)
Fært á fræðslustarf sbr. skýring 8	(19.158.425)	(13.161.268)
Fært á skrifstofu- og stjórnunarkostnað sbr. skýring 9	(4.789.606)	(3.101.284)
	0	0

Að meðaltali starfaði 1,958 starfsmaður hjá félaginu á árinu m.v. heilsársstörf.

4. Skógarhlíð 8

	Kostnaðarverð	Matsbreyting	Samtals
Stofnverð í ársbyrjun	99.139.609	30.889.889	130.029.498
Afskrifað í ársbyrjun	(49.391.901)	(6.054.414)	(55.446.315)
Afskrift ársins	(1.487.094)	(463.348)	(1.950.442)
Bókfært verð í árslok	48.260.614	24.372.127	72.632.741
Stofnverð alls í árslok	99.139.609	30.889.889	130.029.498
Afskrifað alls í árslok	(50.878.995)	(6.517.762)	(57.396.757)
Bókfært verð í árslok	48.260.614	24.372.127	72.632.741

Afskriftarhlutföll	1,5%

Krabbameinsfélag höfuðborgarsvæðisins á 15% eignarhlut í fasteigninni að Skógarhlíð 8. Fasteigna- og brunabótamat á eignarhluta félagsins í Skógarhlíð 8, skiptist þannig:

	Fasteignamat	Brunabótamat
Skógarhlíð 8, hús og lóð	140.535.000	190.312.500
	140.535.000	190.312.500

Skýringar

5. Áhöld

	Áhöld	Samtals
Stofnverð í ársbyrjun	377.680	377.680
Afskrifað í ársbyrjun	(207.724)	(207.724)
Afskrift ársins	(75.536)	(75.536)
Bókfært verð í árslok	94.420	94.420
Stofnverð alls í árslok	377.680	377.680
Afskrifað alls í árslok	(283.260)	(283.260)
Bókfært verð í árslok	94.420	94.420
Afskriftarhlutföll	20%	

6. Eigið fé

	Óráðstafað eigið fé	Varasjóður	Samtals eigið fé
Staða í ársbyrjun	143.103.384	10.000.000	153.103.384
Rekstrarniðurstaða	(15.772.718)		(15.772.718)
	127.330.666	10.000.000	137.330.666

Skýringar

7. Kostnaður við happdrætti

	2025	2024
Vinningar	133.780.000	135.299.750
Eigin vinningar	(116.169.000)	(125.409.780)
Tækifærisgjafir	75.799	92.367
Sölu- og innheimtulaun	4.032.900	3.616.386
Póstkostnaður	9.316.884	15.342.891
Gíróseðlar og prentun	2.200.533	7.146.550
Innheimtukostnaður	2.964.524	0
Kostnaður vegna útdráttar	132.352	17.497
Símagjöld	101.984	64.291
Auglýsingar	5.259.711	3.530.600
Áskriftir	23.858	0
Bílastyrkur	627.750	511.460
Ferðakostnaður	0	109.685
Dagpeningar	23.763	126.104
Endurskoðun og ársuppgjör	1.260.924	1.029.512
Ráðgjöf vegna happdrættis	0	2.575.656
Stafvæðing happdrættis	0	607.600
Sérverkefni fyrir félagið	650.808	0
Ýmis kostnaður	82.541	25.887
Áhöld og tæki	102.531	149.637
Viðhald áhalda og tækja	0	144.000
Hlutdeild í skrifstofukostnaði K.Í.	16.216	463.424
Húsaleiga	0	246.240
Hlutdeild í rekstri Skógarhlíðar 8 *	170.420	(936.376)
Beinn kostnaður við happdrætti	44.654.498	44.753.381
Laun	7.302.586	4.712.153
Launatengd gjöld	680.090	489.977
Kostnaður við happdrætti alls	52.637.174	49.955.511

Skýringar

8. Kostnaður fræðslustarfs og styrkir

	2025	2024
Fræðslurit	0	667.119
Fræðslumyndir	2.455.092	1.779.450
Annar fræðslukostnaður	0	665.081
Kostnaður vegna Skrepp í skimun	0	2.061.976
Saga tóbaksvarna	1.381.239	1.140.000
Tóbaksvarnarfræðsla	634.000	630.895
Kostnaður vegna Hættan er ljós	0	1.870.468
Bílastyrkur	1.506.599	1.225.812
Námskeið og málþing	150.000	0
Erlent samstarf	0	64.452
Ferðakostnaður	179.574	85.177
Dagpeningar	131.490	104.928
Símakostnaður	224.367	141.438
Áskriftir	52.487	0
Endurskoðun og ársuppgjör	2.422.938	2.266.483
Sérverkefni fyrir félagið	847.781	0
Vitundarvakning fyrir leghálsskimanir	6.450.413	0
Auglýsingar	269.893	510.097
Þátttaka í mötuneyti og fundir	121.757	61.031
Tækifærisgjafir	166.754	245.089
Áhöld og tæki	214.164	329.200
Viðhald áhalda og tækja	0	316.800
Hlutdeild í skrifstofukostnaði K.Í.	35.374	1.019.399
Hlutdeild í húsaleigu	0	541.728
Hlutdeild í rekstri Skógarhlíðar 8 *	374.916	(2.060.020)
Annar kostnaður	41.738	62.914
Beinn kostnaður við fræðslustarf og styrki	17.660.576	13.729.517
Laun	17.526.207	11.922.269
Launatengd gjöld	1.632.218	1.238.999
Kostnaður við fræðslustarf og styrki alls	36.819.001	26.890.785

9. Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður

Ritföng, prentun og pappír	5.316	94
Auglýsingar	105.717	99.113
Símakostnaður	13.592	8.573
Áskriftir	3.180	0
Bílastyrkur	376.650	274.728
Sérverkefni fyrir félagið	51.380	0
Endurskoðun og ársuppgjör	146.845	137.267
Þátttaka í mötuneyti og fundir	6.659	58.096
Ferðakostnaður	3.169	2.287
Tækifærisgjafir	32.725	23.315
Hlutdeild í skrifstofukostnaði K.Í.	2.006	61.921
Áhöld og tæki	12.981	19.951
Viðhald áhalda og tækja	0	19.200
Hlutdeild í húsaleigu	0	32.832
Hlutdeild í rekstri Skógarhlíðar 8 *	22.720	(124.866)
75 ára afmæli og stefnumótun	3.479.954	2.315.757
Annar kostnaður	98.723	158.892
Skrifstofu- og stjórnunark. án launa	4.361.617	3.087.160
Laun	4.381.552	2.827.297
Launatengd gjöld	408.054	273.987
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður alls	9.151.223	6.188.444

*Uppgjör rekstrarkostnaðar fasteignar fyrir árin 2021 - 2025 er samkvæmt áætlun Krabbameinsfélags Íslands en endanlegt uppgjör milli félaganna hefur ekki farið fram.

Skýringar

	2025	2024
Veltufjármunir		
10. Handbært fé		
Arion banki bankainnstæður	81.483.779	98.522.321
	81.483.779	98.522.321
11. Skuldunautar		
Krabbameinsfélag Íslands	15.859.997	13.158.768
Ýmsir skuldunautar	287.559	495.188
	16.147.556	13.653.956

Skammtímaskuldir

12. Styrktarsjóður

Í ársbyrjun var óráðstafað úr styrktarsjóði kr. 2.308.006. Í árslok er óráðstafað fé sjóðsins kr. 1.308.612. Þrír styrkir voru veittir á árinu að andvirði 999.394 kr.

13. Ýmsir skuldheimtumenn

Ógreiddur ýmis kostnaður	10.174.463	7.942.519
Ósóttir vinningar	14.401.394	12.865.408
	24.575.857	20.807.927

Rekstraryfirlit deilda 2025

	Skýr.	2025	2024
Happdrætti			
Tekjur af happdrætti	14	75.533.582	70.207.904
Kostnaður við happdrætti	7	(52.637.174)	(49.955.511)
		22.896.408	20.252.393
Aðrar tekjur			
Félagsgjöld		2.196.801	2.292.519
Gjafir og áheit		399.500	240.950
Vaxtatekjur og verðbætur		5.440.847	5.439.090
		8.037.148	7.972.559
Hagnaður án fræðslustarfsemi		30.933.556	28.224.952
Fræðslustarfsemi			
Framlög og styrkir	15	1.782.000	2.787.884
Kostnaður	8	(36.819.001)	(26.890.785)
		(35.037.001)	(24.102.901)
Hagnaður (tap) fyrir önnur gjöld		(4.103.445)	4.122.051
Önnur gjöld og (tekjur)			
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	9	9.151.223	6.188.444
Bankakostnaður		492.072	395.438
Fyrningar	4,5	2.025.978	2.025.978
		11.669.273	8.609.860
Hagnaður (tap) ársins		**(15.772.718)**	**(4.487.809)**

Sundurliðanir deilda

Happdrætti	2025	2024
14. Seldir happdrættismiðar		
Sumarhappdrætti	35.765.000	32.948.000
Jólahappdrætti	38.550.000	36.785.850
Styrkur	1.218.582	474.054
	75.533.582	70.207.904

Fræðslustarfsemi		
15. Framlög og styrkir		
Framlag frá Kópavogsbæ	0	50.000
Lýðheilsusjóður	0	500.000
Bindindissamtökin IOGT	0	500.000
Samstarfsráð um forvarnir	0	200.000
Fræðsla og forvarnir	0	100.000
Foreldrasamtök gegn áfengisauglýsingum	0	100.000
Framlag frá Garðabæ	0	100.000
Embætti landlæknis	0	618.942
Geislavarnir Ríkisins	0	618.942
Önnur framlög	1.782.000	0
	1.782.000	2.787.884